

Laxar Fiskeldi ehf.
Ennishvarf 25
203 Kópavogur



UMHVERFISSTOFNUN


Reykjavík 26. maí 2016
UST201605-090/S.P.
08.12.01

Færsla starfsleyfis - Laxar fiskeldi ehf.

Vísað er til erindis Arctic Sea Farm hf., kt. 700807-0450, og Laxar fiskeldi ehf., kt. 621205-1370, dags. 10. maí 2016, þar sem óskað er eftir yfirfærslu á tveimur starfsleyfum Arctic Sea Farm hf., fyrir seiðaeldisstöðvum, annars vegar að Fiskalóni, Ölfusi og hins vegar að Bakka 1, Ölfusi, útgefnun af heilbrigðisnefnd Suðurlands þann 1. október 2014. Báðar stöðvarnar hafa heimild til þess að framleiða allt að 150 þúsund seiði (allt að 20 tonna ársframleiðsla) og er afrennsli í ferskvatn.

Í samræmi við 2. mgr. 27. gr. í reglugerð nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, hefur Umhverfisstofnun ákveðið að fallast á færslu starfsleyfanna. Með þessu færast öll réttindi og allar skyldur varðandi starfsleyfin til Laxar fiskeldi ehf. Athygli er vakin á því að starfsleyfin gilda til 1. október 2026.

Gjald vegna færslu starfsleyfisins verður innheimt hjá nýjum rekstraraðila, Laxar fiskeldi ehf., samkvæmt 4. gr. gjaldskrár stofnunarinnar nr. 535/2015 frá 1. apríl 2016, kr. 52.800. Ákvörðunin tekur gildi við greiðslu gjaldsins.


Kristín Linda Árnadóttir
Forstjóri

Virðingarfyllst


Sigrún Ágústsdóttir
Sviðsstjóri